



Danssýning í Háskólabíói

DANSKENNARASAMBAND Íslands minnst 10 ára afmælis síns um þessar mundir og efnið í því tilefni til danssýningar í Háskólabíói á laugardaginn kemur kl. 2 síðdegis. Sérstaklega hefur verið til

þessarar sýningar vandað, segir í fréttatilkynningu frá samtökunum. Þar munu dansa nemendur og kennarar frá fjór- um skólum borgarinnar, ball- ett, djassdans, stepp, barna og samkvæmisdansa. Einnig mun

Íslenski dansflokkurinn dansa frumsaminn ballett, er sérstaklega var saminn fyrir þessa sýningu af Alan Carter við tónlist eftir Brahms.

Myndin var tekin á æfingu nú fyrir skömmu.

Nýstárlegur fyrirlestur um heilbrigðisþjónustuna

NÝSTARLEGUR fyrirlestur verður fluttur í Norræna húsinu annað kvöld um tölvustýrða upplýsingamiðlun til heilbrigðisþjónustunnar. Fyrirlesarinn er dr. Gunvor Svartz-Malmberg frá Karólínsku stofnuninni í Stokk- hólmi og í sambandi við fyrir- lesturinn verður komið á beinu sambandi við tölvu í Stokk- hólmi, og geta fundarmenn lagt fyrir hana spurningar og varða heil- brigðisþjónustuna og fengið svör við. Um þennan fyrirlestur segir svo í fréttatilkynningu frá Nor- ræna húsinu:

Breytingar og framfarir á sviði heilbrigðisvísinda eru mjög miklar og örur. Stöðugt er verið að finna upp ný lyf, nýjar aðferðir og ný tæki til þess að auðvelda meðferð sjúkdóma, draga úr þjáningum og flýta fyrir bata.

Þessi aukna þekking gerir aftur á móti miklar kröfur til bættrar menntunar og símenntunar lækna og allra annarra starfsmanna heilbrigðisstétta.

Um 19.000 tímarit koma nú út á sviði læknisfræði og skyldra greina, og getur hver og einn sagt sér sjálfur, hve erfitt er að fylgjast með og vinna úr þessu þekkingarfloði það, sem máli skiptir hverju sinni.

Til þess að auðvelda mönnum þessa úrvinnslu hafa verið tekin í notkun í vaxandi mæli ýmiss konar hjálpargögn, miklar bóka- og greinaskrár, sem raðað er eftir efni og getur leitandinn þannig auðveldlega fylgt með, hvað rit- að er um hans áhuga- og fræðisvið.

Á síðustu árum hefur efni ýmissa þessara skráa verið sett í tölvur, sem geyma upplýsingarnar og skila þeim á mjög fljótvirkan hátt, þegar leitað er ákveðins efnis.

Þessi tölvustýrða upplýsingamiðlun er í stöðugri framþróun, og nú þarf notandinn ekki lengur að bíða eftir svári í nokkra daga, heldur getur hann sjálfur fengið beint samband við tölvuna og lagt inn sína upplýsingabeidi og fengið svar samtundis.

Næstkomandi föstudag og laugardag mun læknum, starfsfólki heilbrigðisþjónustu, bókavörðum, og öllum öðrum, sem áhuga hafa á þessum málum, gefast kostur á að hlusta á lýsingu á upplýsinga-

þjónustu með aðstoð tölvu. Dr. Gunvor Svartz-Malmberg frá Karólínska Institutet í Stokk- hólmi mun halda fyrirlestra um slíka þjónustu, og þá aðallega MEDLINE-kerfið, sem reynzt hefur mjög vel og þykir afar handhægt.

Á laugardagsmorgun er svo áætlað að koma á beinu sambandi milli Reykjavíkur og Stokkhólms, þannig að fundarmenn sjálfir geti lagt fram fyrirspurnir til tölvunnar í Stokkhólmi og fengið svör samtundis. Arið 1971 var svipuð tilraun gerð hér, þegar IBM kynnti kerfi með beinu sambandi við tölvumiðstöð í Kaupmannahöfn. IBM mun nú einnig veita tæknilega aðstoð og leggja fram vélast til þessarar kynningar.

Dr. Svartz-Malmberg kemur hingað á vegum Fræðslunefndar læknafélaganna, Félags bóka- safnsfræðinga og Norræna húsins, en Heilbrigðismálaráðuneytið leggur einnig fram fjárstyrk til þessarar kynningar.

Fyrirlestrarir munu fara fram á ensku. Þeir verða í Norræna húsinu, föstudagskvöld kl. 20.30 og laugardagsmorgun kl. 9.30.

— Sundraðir

Framhald af bls. 19

út um þúfur síðastliðið haust, hafa Austur-Evrópuríkin hert mjög árásir sínar á Kína og einnig aukið stuðning sinn við hugmynda- ina um alheimsráðstefnu kommúnistaflokka.

Kommúnistaflokkarnir í Vestur-Evrópu, hafa hins vegar stungið við fótum og berjast nú hálfu harðar en áður gegn því að láta blanda sér í deiluna. Fremstur í flokki er ítalski kommúnistaflokkurinn, sem er þungur á vogarskálunum utan Sovétríkjana, ekki aðeins vegna þess, að hann er mjög sterkur á Ítalíu, heldur og vegna þess, að hann hafði forystu í harðri gagnrýni á Stalin allt frá því um 1950.

Síðasta alheimsráðstefna kommúnista var haldin árið 1969 og þá reyndu Sovétríkin árangurslaust að koma í gegn almennri fordæmingu á kínversku leiðtogunum. Sovétríkjunum er nú mjög umhugað um að halda nýja ráðstefnu og segja, að megintilgangur hennar verði að auka tengsl og samheldni flokkanna þannig að þeir standi sameinaðir í samningum um bætt sambúð milli austurs og vesturs.

Það er hins vegar almennt vit- að, að það er einnig tilgangur Sovétríkjana að koma í gegn einhvers konar and-kínverskri samþykkt. En það er öruggt, að margir flokkarnir munu neita að senda fulltrúa nema þeim verði lokað að ekkert slíkt verði reynt.

Þrátt fyrir þetta halda tals- menir kommúnistaflokka í Austur-Evrópu áfram að reyna að æsa til andstöðu við Peking. Jan- os Kadar, leiðtogi ungerska kommúnistaflokksins, hélt mikla ræðu í síðasta mánuði og þar sak- aði hann meðal annars Kínverja um að reyna að spilla stefnu Sovétríkjana og bandamanna þeirra í öllum alþjóðamálum. Hann nefndi þar meðal annars tilraunir Sovétríkjana til bættrar sambúðar og meiri efnahagstengsla við Vesturlönd.

— Myndlist

Framhald af bls. 16

Ég er viss um, að Hafsteinn á eftir að gera ýmislegt, ef hann hefur tækifæri til í þessu tím- skorts-þjóðfélagi, sem allt virðist vera að fótum troða, sem útheimtir natni og yfirvegum, tíma og aftur tíma.

Hafsteinn Austmann er nonfiguratifur listamaður, sem unnið hefur að list sinni af alúð og umhyggju. Hann á það skilið, að verkum hans sé veitt eftirtekt, og ég vona, að svo verði.

Valtýr Pétursson.

— Kratar

Framhald af bls. 10

ild til niðurskurðar á fjárlögum og minni hækkun söluskatts. Þessar tillögur hefðu allar verið felldar og því væri ekki um annað að ræða en að greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Fluttu sjálf- stæðismenn 3 breytingartillögur við frumvarpið við umræðuna í neðri deild í gær, en þær voru allar felldar. Í fyrsta lagi fluttu þeir tillögu um meiri lækkun tekjuskattsins. Var hún felld með 20 atkvæðum gegn 20, en Alþýðu- flokksmenn og Bjarni Guðnason greiddu breytingartillögu þessari atkvæði. Í öðru lagi fluttu þeir breytingartillögu um að söluskattur skyldi aðeins hækka um 3%. Sú tillaga var felld með 20 atkvæðum gegn 16, en Alþýðu- flokksmenn sátu hjá. Loks var svo breytingartillaga frá sjálf- stæðismönnum um að launaskattur yrði áfram 2½% og rýnu 2% í Byggingarsjóð en ¼% í ríkissjóð. Áður runnu 1½% í ríkissjóð og 1% í Byggingarsjóð. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir 1% í viðbót í Byggingarsjóð, en óskertu framlagi í ríkissjóð, svo að launaskattur hækkar um 1%. Þessi tillaga sjálfstæðismanna var felld með 21 atkvæði gegn 16. Bjarni Guðnason og tveir Alþýðu- flokksþingmenn sátu hjá, en Björn Pálsson studdi tillöguna. Nánari grein er gerð fyrir afstöðu Sjálfstæðisflokksins á þingsíðu blaðsins í dag, bls. 18.

Í upphafi fundar í neðri deild í gær gerði Halldór E. Sigurðsson fjármálaráðherra grein fyrir breytingartillögu sinni um, að söluskattur hækkaði um 4% í stað 5%. Sagði hann að nauðsynlegt væri fyrir ríkisstjórnina að gera þessa breytingu til að koma málinu fram, þar sem við meðferð málsins hefði komið fram, að ríkisstjórnin hefði ekki nægilegan þingstyrk til að koma frum- varpinu fram óbreyttu. Ekki þýddi að deila um keisarans skegg, þar sem allir væru sam- mála um, að skattkerfisbreytingin væri æskileg. Ef frumvarpið næði ekki samþykki, myndi það reynast þrándur í götu síðar, þegar ríkisstjórn þyrfti að semja við verkalýðshreyfinguna, þar sem hún myndi glata trausti á stjórn- völdum.

Gylfi Þ. Gíslason sagði, að Al- þýðuflokkurinn myndi styðja frumvarpið með 4% söluskatts- hækkuninni, ef skýlaus yfirlýsing fengist um það frá ríkisstjórn- inni, að hætt yrði við að lækka niðurgreiðslur á landbúnaðaraf-

urðum á árinu um 400 milljónir og annað hvort kæmi ákveði í frumvarpið um, að útgjöld fjár- laga yrðu skorin niður eða yfirlýsing um að slíkur niðurskurður yrði framkvæmdur.

Ólafur Jóhannesson sagði, að ríkisstjórnin hefði samþykkt á fundi sínum, að niðurgreiðslurnar yrðu ekki lækkaðar frá því sem nú væri. Þá hefði ríkisstjórnin í undirbúningi tillögur, sem stuðla ættu að jafnvægi í efnahagsmálum. Einn liður þeirra tillagna væri lækkun á útgjöldum ríkis- sjóðs, hvort heldur væru útgjöld, sem eingöngu væru inni á fjárlög- um eða einnig bundin í lögum.

— Nixon

Framhald af bls. 1

ins í dag sagði að samkomulag hefði náðst milli Bandaríkjanna og V-Þýskalands um greiðslu á kostnaði við dvöl bandaríska her- liðsins í V-Þýskalandi. Ekki var skýrt frá efni samkomulagsins, en gert er ráð fyrir að það verði undirritað eftir viku eða svo. Heimildir herma að V-Þjóðverjar hafi fallist á að greiða 75% kostnaðarins, en hann mun nema um 1 milljarð dollara á ári.

Á fyrrnefndum blaðamanna- fundi var annars mest fjallað um Watergatamálið og endurtók Nixon þar, að hann myndi ekki segja af sér embætti, en myndi eins og hann hefði lofað að vinna með dómsmálanefnd þingsins í undir- búningi hennar að hugsanlegri málssókn og á hendur sér.

Leita vit- stola manns á stolnum báti

SLYSAVARNAFELAG Íslands fékk kl. 14 í gær tilkynningu frá Björgunarmiðstöðinni í Þórshöfn í Færeyjum, að þar hefði 29 tonna bát — Róde kross að nafni — verið stolið í höfn af vitstola manni og siglt á haf út. Færeyng- ar höfðu sjálfir hafið leit en án árangurs. Þeir höfðu gert ráðstafanir til að láta leita frá Noregi í átt að Færeyjum og eins frá Skot- landi norður eftir. Fóru þeir nú fram á, að Íslendingar leituðu bátsins frá Íslandi og vestur á bóginn í átt að Færeyjum. Að sögn Hannesar Hafstein, fram- kvæmdastjóra SVFÍ, hefur verið ákveðið að hefja leit héðan í dag.

Öldruð kona í bíslysi

KONA hátt á áttræðisaldri varð fyrir bifreið á Hringbraut við Furumel um kl. 18:15 í gær. Var hún á leið suður yfir Hringbraut á gangbraut, er hún varð fyrir fólksbifreið, sem var á leið vestur. Var konan flutt á slyshadeild og í fyrstu skoðun var talið, að hún væri lerbrotin. — Bifreiðinni virðist hafa verið ekið allgreitt, því að hemlunarförin voru tæpir 23 metrar á þurru malbikinu.

Bandarískur sendiherra

Stokkholmi, 20. marz NTB SÆNSKA sjónvarpið skýrði frá því í kvöld að leiðin væri nú opin fyrir Bandaríkin og Svíþjóð að skiptast á sendiherrum á ný. Sagði sjónvarpið að Wilhelm Wachmeister, yfirmaður stjórn- máladeildar sænska utanríkis- ráðuneytisins, yrði sendiherra Svíþjóðar í Washington. Þá sagði sjónvarpið að Nixon hefði valið mann, sem nú er sendiherra í öðru Evrópulandi, til að vera sendiherra Bandaríkjanna í Svíþjóð. Tvö ár eru nú liðin frá því að Bandaríkjamenn kölluðu sendiherra sinn í Svíþjóð heim, eftir að Olof Palme forsætisráð- herra hafði tekið þátt í mótmæla- göngu gegn Vietnamstríðinu í Stokkholmi.

Nýlagðar háspennulínur

Í FRÁSOGN Morgunblaðsins 19. marz. um nýútkomna skýrslu Raf- magnseftirlits ríkisins (Rafveitur á Íslandi) brenglast frásögnin um nýlegar háspennulínur. Fer hér á eftir leiðrétt frásögn um þetta atriði:

Veigamestu breytingar á aðal- flutningslínunum (háspennulínunum) hafa orðið þær, að ný 220 kV lína var lögð frá Búrfellsvirkjun til Reykjavíkur (spennistöð við Geit- háls), 60 kV lína var lögð frá Búr- fellsvirkjun að Hvolsvelli, og 30 kV lína var lögð frá Laxárvatns- virkjun í Húnavatnssýslu að nýjum greinivirkjunum í Vatnsdal, og 19 kV línur lagðar þaðan um Austur- og Vestur-Húnavatnssýslur. En meiri og minni breytingar hafa orðið á háspennudreifikerf- um ýmsra rafveitna.

— Gagnrýni

Framhald af bls. 1

Hann fer til Bonn á morgun og ræðir við Walter Scheel utanríkis- ráðherra, en V-Þjóðverjar eru áhyggjufullir vegna ákvörðunar brezku stjórnarinnar um að endurskoða samninginn við EBE og eru hræddir um að það kunni að verða áfall fyrir evrópska ein- ingu. Mun Scheel reyna að fá það á hreint hvað Bretar vilja, en yfir- lýsingar þeirra um málið hingað til hafa verið mjög óljósar.

— Fjöldmenni

Framhald af bls. 2 kirkjunni önnuðust Lárus Sveinsson og Jón Sigurðsson.

Kistu hins látna báru úr kirkju kennarar og nemendur guðfræði- deildar Háskóla Íslands, en í kirkjugarðinum báru fyrst félagar úr Skálholtskórnum og síðasta spólinn aðstandendur og vinir hins látna. Söngsveitin Filharmonía söng við grófina „Allt eins og blómstrið eina“ í útsetningu dr. Róberts undir stjórn Martins Hungers. Útvarpað var frá útförinni.

— Golan

Framhald af bls. 1

að hægt verði að tryggja öryggi landsins. Israealar gera sér grein fyrir og óttast mjög hve mikinn stuðning þeir hafa misst við um heim vegna áhrifa olíubanns Araba og eru hræddir við aukinn þrýsting um tilslakanir, sem þeir alls ekki vilja gera á landamærum Sýrlands og Jórdanú.